



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Hugvísindasvið

Leiðarvísir efahyggjumannsins að Ríki Guðs
Um rökfræði Ágústínusar kirkjuföður

Ritgerð til B.A.-prófs

Jakob Ævarsson

Janúar 2011

Leiðarvísir efahyggjumannsins að Ríki Guðs

Um rökfræði Ágústínusar kirkjuföður

Lokaverkefni til BA-gráðu í guðfræði
Leiðbeinandi: Einar Sigurbjörnsson

Guðfræði – og trúarbragðafræðideild
Hugvísindasvið Háskóla Íslands



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Þessi ritgerð er tileinkuð Friederich Nietzsche og Christopher Hitchens fyrir að kenna mér að hugsa hugsanir mínar til enda og að hika aldrei við að gagnrýna allt sem brýtur í bága við skynsemi mína sama hver uppruni fullyrðingarinnar er.

Einnig sérstaklega tileinkuð Therezu Petkova fyrir að styðja mig í gegnum þessi löngu skrif.

Ritgerð þessi er lokaverkefni til BA-gráðu í guðfræði og er óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi rétthafa.

© Jakob Ævarsson 110187-2389

Ísland 2011

Ágrip

Í þessari ritgerð tek ég fyrir rökfræði Ágústínusar eins og hún kemur fram í fyrstu bók hans í ritsafninu „Ríki Guðs“. Það rit var sérstaklega tekið fyrir því ég tel að það gefi skýrustu mynd af rökfræði hans vegna þess að í því er hann að reyna að sannfæra menn um margvísleg málefni sem hann skiptir niður í stutta punkta. Fyrsta bókin í ríki Guðs er hvorki uppgjör við Guð né hann sjálfan eins og Játningarnar, né lofgjörð eða hreint dogma. Ríki Guðs er byggt upp á rökunum einum sem ætluð eru til að sannfæra menn um guðleg málefni sem rótuð eru í pólitísku landslagi Rómarveldis snemma á fimmtu öld f.kr.

Tilgangur þessarar ritgerðar er að gefa dæmi um nýtt form af ritskýringu sem að ég hef ekki orðið var við í guðfræðinámi mínu hingað til, sem að gengur út á að summa upp málsgreinar og málefni frægra hugmyndasmiða í eins stutta punkta og hægt er og rýna ýtarlega í hvernig rök þeirra eru uppbyggð og sjá hvort að þau standist rýni nútíma rökfræðikerfis.

Fyrsta bók Ágústínusar í þessu ritsafni er því tilvalið fyrir slíka rýni, því að hann tekur mörg málefni stuttlega fyrir í kaflaskiptum erindum þar sem hvert og eitt þeirra fær hnitmiðaða umfjöllun sem gerð er til að sannfæra vantrúaða menn sem eru á andstæðri skoðun. Slíkt er einmitt aðeins hægt með þéttum röksemdum og er það því hið fullkomna tækifæri fyrir þennan fyrrum rökfræðiprófessor til að spenna sannfæringarvöðva sína og er því hinn fullkomni kandídat fyrir rökfræðirýni sem þessa.

Uppsetningin er frekar óhefðbundin vegna efni ritgerðinnar og stýrist hún af efnistöku hennar. Ég byrja með því að lýsa yfir kaflaheitinu á þeim kafla sem ég tek fyrir því heiti þeirra eru lýsing á málefni sem kirkjuföðurinn mun taka fyrir og stundum fyrsti liðurinn eða uppsumun á röksemdarfærslunni sem á eftir mun fylgja. Ég mun næst taka hníf Ockhams og draga saman rök Ágústínusar í eins fáum og hnitmiðuðum liðum og kostur er á punkt eftir punkt og svo kryfja þau til mergjar. Ég mun veita því sérstaklega athygli hvort að röksemdarfærsla hans gangi upp (ein forsenda leiði af annari og svo þaðan í niðurstöðu) og hvort að hann nýtist við einhverjar rökvillur, eða brellur og jafnvel mun ég leitast við að gefa honum svar ef það liggur fyrir, notandi fimmtu aldar heimildir sem bæði kirkjufaðirinn og andsstæðingar hans hefðu haft aðgang að.

Efnisyfirlit

Inngangur.....	7
Bók 1: Tilgangur og röksemdir þessarar bókar	10
1:1 Óvinum Krists var þyrmt af Vísigotunum við fall borgarinnar vegna virðingar þeirra við Krist.....	10
1:2 Það að innrásarher skyldi þyrma þeim sigruðu út af virðingu við guði þeirra er fordæmislaust í sögunni	12
1.3 Fífldirfska rómverja að setja öryggi sitt í hendur guða sem gátu ekki einu sinni verndað Trójuborg.....	15
1.4 Hof Juno í Tróju veitti enga vernd frá Grikkjunum; á meðan kirkjur Krists í Róm veittu vernd gegn barbörunum	16
1.5 Lýsing Catós á eyðileggingu borgarinnar var algerlega samkvæmt hefðbundnum stríðsvenjum	17
1:6 Ekki einu sinni Rómverjar þyrma þeim sigruðu sem leita skjóls í hofum sínum í sigruðu borgum sínum.....	18
1:7 Í falli Rómar, munu grimmdarverkin sem framkvæmd voru, vera samkvæmt stríðshefðum, en miskunnin vera vegna máttar Jesú nafns	20
1:8 Blessun og hörmungar deilast oft jafnt meðal góðra og slæmra manna.....	22
1.9 Ástæðan fyrir því að hinir góðu og þeir illu þjást saman	24
1.10 Hinir heilögu tapa engu á því að missa veraldleg gæði og eignir.....	27
1.11 Endirinn á þessu lífi mun koma fyrir eða seinna	28
1.12 Skortur á gröf skiptir engu fyrir kristið fólk.....	29
1.14-15 Hinn Guðlega huggun þeirra heilögu í gíslingu	30
1:16-19 Nauðganir eru framkvæmdar án samþykkis og óhreinka því ekki persónu þeirra þjáðu	32
Lokaorð.....	36
Heimildaskrá.....	39

LEIÐARVÍSIR EFAHYGGJUMANSINS AÐ RÍKI GUÐS

Um rökfræði Ágústínusar kirkjuföður

Inngangur

Í þessari ritgerð ætla ég að taka fyrir einn hornstein kristinnar guðfræði, heilagan Ágústínus frá Hippó. Fáir menn hafa orðið jafn áhrifamiklir í gegnum skrif sín og kenningar líkt og Ágústínus. Ég myndi í raun lýsa þróun kristinnar guðfræði á þann veg að Jesús hafi bent í áttina að henni, Páll postuli hafi lagt veginn þangað og að Ágústínus hafi malbikað hann.

Ég ætla ekki að fara mörgum orðum um lífsferil Ágústínusar eða þá dramatísku atburðarrás frá æsku hans og andstöðu við kristni á Maníkeaárunum, né heldur tek ég fyrir fyrri skrif hans að áður en hann lagði upp í meistaraverkið sitt „Ríki Guðs“, sem að má segja að sé hans *magnum opus*, það sem sumar upp og gefur sterkustu mynd af fullþroskuðum hugarheimi Ágústínusar.

Það sem ég vil gera er að rýna í rökfræði þessa fyrrum rökfræðiprófessors og sjá hvernig hún stenst tímans tönn. Það sem að ég hef í huga er að leggja í beinskeitta árás á hvern einasta punkt sem að Ágústínus kemur með í fyrstu köflum fyrstu bókarinnar í „Ríki Guðs“ ritsafninu þar sem hann tekur fyrir árás vísigotanna og fall Rómarborgar 410 e.kr. og sjá hvað situr eftir.

„Ríki Guðs“ varð til sem 22 bóka svar gegn heiðnum mönnum sem kenndu kristni um ósigur Rómar í viðureignum hennar við Vísigotanna og fall borgarinnar í hendur þeirra árið 410 e.kr. en snertir svo á mjög mörgum málefnum sem við koma almennri trúvörn inn í flóru heimspekistefna og trúarbragða heimsveldisins. Aðallega á hann í viðureignum við fyrrum skoðanabræður sína úr endurbættum heimspekiskóla Platóns¹, sem að snertir á guðdóminum í gegnum opinberunarlausu skynsemi og röksemdir.

Ég valdi „Ríki Guðs“ ritsafnið sérstaklega því að ég vildi glíma við Ágústínus þar sem að hann stendur sterkastur og er á hápunkti sinnar þroskuðu hugsunar og tók þær kenningar sem þar koma fram aldrei til baka, líkt og hann gerði við fyrri hugsjónir sínar margar hverjar.

¹ Eftirmenn Platón á borð við Plótínus og Porphyrius sem unnu með hugtök og hugmyndir Platóns um frummyndir og frumspeki. Vitað er að Ágústínus varð fyrir miklum áhrifum af þessum mönnum. Shields, Christopher. 2008, Bls. 302

Descartes segir í formála *Hugleiðinganna*: „Ég beið þangað til að ég hafði náð svo miklum þroska að ég gæti ekki búist við að ég yrði á nokkrum tíma hæfari til að útsetja þessa hugmynd mína“² Í þessum orðum hefur hann látið í ljós að þetta sé það verk sem að hann skuli dæmast fyrir og hann stæði við með engri eftirsjá. Ef þessi orð gætu átt heima í persónulegum formála einhvers rits sem að Ágústínus skrifaði, þá væri það „Ríki Guðs“ og fær það því að tala máli kirkjuföðursins án alls hiks og auka forsendna.

Ég held að það liggi skýrt fyrir hverjum sem þekkir til kirkjuföðursins að sannleikur var hans helsta þrá, enda leitandi sál allt til dauðadags, þrátt fyrir sannfæringu sína á síðari helming ævinnar um að Biblían væri sá vettvangur sem leitinn ætti að eiga sér stað í. Því er ég sannfærður um að hann myndi fagna slíkri rýni, því beinskeitt árás á röksemdir sannleiksleitandi manna, veldur þeim ekki hugarangri né gremju, (hvort sem brigðular röksemda falla, eða standa á föstu bjargi) heldur færir þá nær sannleikanum.

Slík góðviljug árás eins og ég mun hér leggja í, verður þó að vera heiðarleg, því auðvelt er að afmynda þétt rök með fólkskulegum, eða ósanngjörnum aðferðum. Því mun velvildarlögmál rökfræðinnar verða mér að leiðarljósi á allri þessari ferð, sem og rökfræðikerfið í heild, sem mun þyrma hvorki mér né honum, skyldum við detta í auðglepjanlegar gryfjur rökwillna og óuppbyggilegra nálgana að efninu.

Margir hafa skrifað langar og glæsilegar yfirferðir yfir meginstef, túlkun og áhrif bókanna sem að koma saman í „Ríki Guðs“³, en það sem að ég vil gera er einungis að líta á rökfræði hans lið fyrir lið. Því að kenningar Ágústínusar líða fyrir það hve sannfærandi og sjarmerandi hann er, sem og alveg hreint magnaður penni. Ekki treysti ég mér, né myndi ég mæla með því fyrir nokkurn mann, að leggja í Ágústínus beint á árásargrundvelli áður en hann hefur fyrst verið algerlega afvopnaður öllum sínum sannfæringarmætti og ræðulistarbrellum⁴. Slík afvopnun er nákvæmlega það sem að rökfræðin gerir.

² Descartes 2009, bls 134

³ Sjá ritrýnisteymi Bristons háskóla á vegum Arts-humaneties.net: Richard Goodrich

⁴ Frá skóla Ciceró. St. Augustine 2002, bls 34-35 og 139

Þessi ritgerð er því best lesin samhliða köflunum sem hún tekur fyrir, því hér mun ég summa upp hvert stef fyrir sig í eins fáum forsendum og hægt getur talist til að meginatriði Ágústínusar komist heiðarlega á framfæri samkvæmt hnífi Ockhams⁵ – og mun svo veða og meta gildi rökstuðningsins og hvort hann standist reglur heiðarlegrar rökfræði⁶ og jafnvel fá að svara þeim í stað andstæðinga hans, ef mér þykir veglegt svar vera við hendi og mögulega gefa einhverjum þeirra uppreisnar æru ef það liggur fyrir að gefa þeim raddlausu heiðingjum raddir, sem engar hafa í sögunni.

Hina sögulegu umgjörð sem að þessir kaflar (1-14) eru skrifaðir í, er að finna í þeim atburðum sem áttu sér stað 1-2 árum áður en fyrsta bókin er skrifuð. Fall Rómar í hendur Alaríks Vísigotakonungs árið 410 e.kr. Róm er þá nýlega orðin opinberlega kristið ríki eftir að Theodosius keisari lýsir því endanlega yfir árið 380 e.kr. aðeins 30 árum áður en Róm fellur. Margir sáu tengingu á milli þessara hamfara og siðaskiptanna og kenndu kristnum mönnum um hörmungarnar og fullyrtu að gömlu rómversku guðirnir hefðu verndað borgina frá árásinni hefðu rómverjar ekki snúið baki við þeim.

Ágústínus svarar þessum ásökunum og fer yfir atburðina og spyr á móti: “hafa gömlu guðirnir einhverntíman gert eitthvað fyrir einhvern?” Hann fer yfir sögu Rómar og sakaskrá gömlu guðanna og aðgerðarleysi þeirra sem og lítur á fall Rómar með nýrri útlekkingu kristinnar heimssýnar. Eftir glímu sína við heiðna ásakendur sína um hvernig örlög borgarinnar hefðu verið önnur í höndum gömlu guðanna, þá fer hann í nokkrum liðum að gera þjáningu kristinna rómverja í borginni að litlu þegar hún er sett í kristið samhengi. Ég ætla nú að fara í gegnum þessar röksemdarfærslur kirkjuföðurins og sjá hve vel þær geta varist árás nútíma rökfræði.

⁵ Rökfræðiregla frá síðmiðöldum. Segir að röksemdir komi best til skila í sem fæstum forsendum

⁶ Eins og reglur rökfræðinnar koma fram í bókinni *Critical Thinking: A Concise Guide*. Bowel, Tracy og Kemp, Gary. Oxfordshire: Routledge, 2005 (2. útgáfa)

Bók 1: Tilgangur og röksemdir þessarar bókar.

Ágústínus kynnir bók sína og tilgang hennar fyrir vini sínum Marcelúsi sem á að koma boðskap bókarinnar áfram til landstjóra Afríku, Volusianus, og setja fram sem opinbert svar gegn heiðingjum og ný-platónistum sem báru á kristni sakir fyrir fall Rómarborgar í hendur Vísigotanna 410 e.kr. Röksemdin hljóðar á þessa vegu.

- Menn, og sér í lagi voldugir menn, eru hrokafullir
- Jesús er auðmjúkur og væntir auðmýktar af mönnum

O: Erfitt verður að sannfæra menn um mátt auðmýktar sem þörf er á, því er bókin löng og vel unnin.

Menn eru í raun það hrokafullir að í stað þess að taka til sín orð Guðs í Jakobsbréfinu 4:6 „*Guð stendur gegn dramblátum en auðmjúkum veitir hann náð*“ og velji auðmýkt, hafa þeir (rómverjar) heldur haft þessi orð eftir sem skilaboð þeirra til annarra þjóða líkt og þeir væru í Guðs stað, stoltir drottnarar sem að upphefja auðmjúka en berja niður stolta líkt og finna má í goðsagnar upprunakveri þeirra Eneasarkviðu eftir Virgil sem slagorð nýstofnaðs lýðveldi Rómar „*að þyrma þeim sigruðu, en berja niður hina stoltu*“.⁷ Ágústínus nefnir það ekki að slagorð Rómarborgar úr Eneasarkviðu er nokkrum tugum árum eldra en Jakobsbréfið.⁸

1:1 Óvinum Krists var þyrmt af Vísigotunum við fall borgarinnar vegna virðingar þeirra við Krist.

- Róm féll ekki þrátt fyrir Krist, heldur vegna hans
- Guð notar stríð til að frelsa sálir manna

⁷ St. Augustine 1984, bls 5

⁸ Jakobsbréf er dagsett á milli 80-130 e.kr. Eneasarkviða er talin vera skrifuð á tímabilinu 29–19 f.kr.

- fólkinu sem faldi sig í kirkjum borgarinnar eða þóttist vera prestar Krists var þyrmt.⁹
- Guð sá til þess að heiðingjum var þyrmt sem leituðu inn í kirkjurnar
- Heiðingjum var þyrmt vegna Krists til þess að gefa þeim tíma til að taka á móti Kristi
- Þannig sleppa þeir við að brenna að eilífu í helvíti

Hérna virðist Ágústínus vera að bendla Guði við fall borgarinnar, sem að kemur einkennilega fyrir sjónir, því hvergi á eftir mun hann gera þá tengingu og í raun færa gagnstæð rök fyrir því þegar hann fer að tala um hvernig gömlu guðir Rómarborgar hafi ekki haldið betri verndarhendi yfir borginni. Þau rök duga skammt ef að Ágústínus er hér að gefa skyn að Guð hafi ákveðið að taka hernaðarlega afstöðu **gegn** borginni, til að: Leiðrétta þá sem ganga í villu og lifa af, Koma þeim á betri stað sem eru trúfastir með dauða þeirra, Eða þyrma þeim trúföstu til frekari þjónustu.

Ef þessi röksemdarfærsla Ágústínusar er tekin lengra virðist vera hér stór forsendubrestur á frekari röksemdum um ágæti kristnitöku fyrir ríkið. Erfitt mun honum reynast að sannfæra menn um ágæti þess að taka upp trú á Guð sem að vinnur gegn ríkinu, en verndar það ekki, til að kenna borgurum þess lexú í siðfræði, enda rökfærir Ágústínus aldrei út frá þeim lið framar.

Aukalega eru tveir liðir sem Ágústínus snertir ekki á sem liggja frekar augljóslega fyrir. Hann hefur talað um þá trúföstu sem deyja og fara til himna, þá trúföstu sem lifa af fyrir frekari þjónustu og boðun og svo þá heiðingja sem að lifa af innrás (á vegum Guðs) til þess eins að geta tekið á móti Kristi og þannig sloppið við að brenna að eilífu í helvíti. Vantar ekki einn hópinn enn hér? Hvað með þá heiðingja sem

⁹ Skv. Vitnisburði Hierónymusar og Orosius, sjá neðanmálgrein St. Augustine 1984, bls 6.

að dóu í hamfarastríði Guðs? Samkvæmt Ágústínusi (og þögn hans um þann hóp) mun sá hópur brenna að eilífu.¹⁰

Hinn liðurinn sem að situr eftir, er sá að Ágústínus (ólíkt heiðnu andstæðingum sínum) trúir á einn almáttugan Guð sem að ábyrgur fyrir allri atburðarrás. Því væri innrás Vísigotanna á Rómarborg að hans vilja, hvort sem Ágústínus hefði nefnt aðferðafræði Guðs um notkun stríðsreksturs til að rétta af spillt siðferði, eða ekki. Því er það til einskis að hafa slíkan ríkisguð sem upphefur ekki ríkið og verndar það frá öðrum þjóðum, eins og gömlu guðirnir áttu að hafa gert. Þetta er liður sem að ég er viss um heiðnir andstæðingar Ágústínusar hefðu tekið og undirstrikað við lestur þessarar bókar, hefðu þeir haft færi á.

1:2 Það að innrásarher skyldi þyrma þeim sigruðu út af virðingu við guði þeirra er fordæmislaust í sögunni

- Við höfum margar heimildir um stríð og orrustur, fyrir og eftir stofnun Rómar
- En höfum engar heimildir um að fólki hafi áður verið þyrmt af virðingu fyrir guðum sínum
- Fólk sem faldi sig í kirkjunum var þyrmt í Róm vegna virðingar Vísigotanna við Krist
- Einstakt atvik í stríðssögunni og áréttar mátt Krists

Hérna höfum við frekar þetta rökfærslu Ágústínusar þar sem hann skorar á viðmælendur (lesist: andstæðinga) sína að finna dæmi um athæfi þar sem að innrásarher þyrmir borgarbúum vegna virðingar sinnar á guðum þeirra sigruðu. Hann segir að slíkt

¹⁰ Fyrirhugunarkenning Ágústínusar (Guð veit hverjir frelsast og fordæmast fyrir) snertir á þessu, en breytir niðurstöðunni lítið. Sérstaklega fyrir þá sem eru ekki sannfærðir um ágæti kristintökunnar.

atvik sé ekki að finna og að það muni þá undirstrika sérstöðu Krists í sögunni og renna stoðum undir guðdómleika hans.

Hérna hef ég þó allnokkrar athugasemdir.

1. Heimildirnar sem að Ágústínus notar um fornan stríðsrekstur eru goðsagnir. Hann nýtist við Eneasarkviðu eftir Virgil sem að er áróðursgoðsögn um uppruna Rómarborgar og er útgefin árið 29. e.kr. til þess að réttlæta og upphefja stjórn Ágústusar keisara en eiga að lýsa atburðum á Tyrklandsskaganum um árið 1185 f.kr. og er hann því að nota vægast sagt ótraustar heimildir um stríðsrekstur til forna til að sýna að í sögunni hafi menn ekki sýnt guðum hver annars mikla virðingu í stríðum.

Þetta slær mig þá sem rökfræðibrella að vitna í slíka heimild, sem skeikar um 1000 ár eða svo frá þeim atburðum sem hún er að lýsa og segjast með því sama vera að biðla til sagnfræðinnar um fordæmi af þessari einstöku virðingu Vísigotanna við Krist Rómarborgar.

Ágústínus er hér augljóslega ekki að biðla til sagnfræðinnar líkt og hann segir, sem hann hlýtur að vita sjálfur. Heldur er hann að biðla til þeirrar sterku stöðu og rótfestu sem að Eneasarkviðan hefur í Rómverskri menningu sem kennivaldsrök og tilraun í að fá þetta mjög sterka og heiðna áróðursrit á sitt band.

2. Ágústínus lendir strax í annarri klemmu með því að vitna í atburði Eneasarkviðu sem dæmi um ein af þeim mörgu „heimildum margra stríða“ því að atburðarrás þeirrar frásagnar er drifin áfram af ákvörðunum og hentisemi gömlu grísku guðanna og skrifuð beint inn í heimsmynd þar sem að örlög manna og atburða (líkt og stríðslýsinganna þar sem hof guða eru vanvirt í stríði) eru framkvæmd af vilja heiðna guða og barráttu þeirra hver við annan. En tilvist þessara lykilguða sem að fleygja frásögninni áfram afneitar Ágústínus sem kristinn maður. Frásögnin hlýtur þá að falla með þeirri goðsagnalegu heimsmynd sem að hún er skrifuð í.

3. Heiðnir andstæðingar Ágústínusar hefðu getað svarað kröfu hans um að finna atvik í skráðri stríðssögu þar sem fólki var þyrmt af virðingu árárhersins fyrir guðum hinna sigruðu. Til að nefna dæmi hefðu þeir getað nefnt Alexander mikla og árás hans á borgina Týrus og það fólk sem hann þyrmdi þegar það leitaði inn í hofin við fall borgarinnar.

Bræði hermanna Alexanders var svo mikil þegar borgin féll að hann missti alla stjórn á þeim, vegna þess að Týrusmenn höfðu fyrir ögrað mönnum hans með því að hengja stríðsfanga úr röðum Alexanders utan á vegg borgarinnar, þegar hún var fyrst undir atlögu. 8000 karlmönnum og fjölskyldum þeirra var slátrað. Litlum hóp sem flúði inn í hof Melkarts¹¹ var þó þyrmt. Önnur heimild, sem var Ágústínusi aðgengileg, var frásögn Arrians af sama atburði, sem segir Alexander hafa þyrmt þeim sem leituðu skjóls í hofi Heraklesar.¹² Fellur því þessi liður Ágústínusar.

4. Jafnvel svo að Vísigotarnir hafi þyrmt óvopnuðu fólki sem leitaði skjóls í trúarlegri byggingu, þá er hér með engu sannað að um yfirnáttúrulegt inngríp sé að ræða, því inngrípið er heldur til mínimalístískt og er ekki yfirnáttúrulegt af nauðsyn. Hann getur átt sér stað án inngríps neins – þótt Ágústínusi þyki það ólíklegt.
5. Vísigotar voru kristnir sjálfir og því í raun ekkert athugasvert í sjálfu sér að þeir skyldu þyrma fólki sem leitaði skjóls inn í kristnar kirkjur, þrátt fyrir að þeir

¹¹ Tarn bls 40. 1979

¹² Wood. Bls 70. 1997

væru Aríusarsinnar¹³, því þeir virtu engu að síður Jesú frá Nazareth sem hinn fullkomna mann (fullkomna sköpun) og föður hans sem almáttugan Guð.

1.3 Fífldirfska rómverja að setja öryggi sitt í hendur guða sem gátu ekki einu sinni verndað Trójuborg.

Hér skýtur Ágústínus föstum skotum á gömlu guðina, til að svara mönnum sem sögðu að örlög Rómar hefðu orðið betri hefðu þeir haft gömlu guðina til verndar frekar en Krist. Ágústínus rekur þá uppruna og sögu gömlu guðanna með því að vitna í atburðarrás Eneasarkviðu. Gömlu guðirnir koma frá Trójuborg með Eneasi við fall hennar. Eneas ferðast með stytur þeirra frá Tyrklandi til Karþagó og þaðan til Ítalíu. Eneas stofnar Rómarborg.¹⁴

Ágústínus setur röksemdarfærslu sína upp sem svo:

- Gömlu guðirnir koma frá Trójuborg með Eneasi við fall hennar
- Eneas ferðast með stytur þeirra frá Tyrklandi til Karþagó og þaðan til Ítalíu
- Eneas stofnar Rómarborg
- Guðir Tróju eru þegar sigraðir af Grikkjum
- Eneas verndar guðina, frekar en að guðirnir verndi hann
- Guðir Trójuborgar eru máttvana til að vernda Róm

¹³ Barnet. Bls 8. 2008

¹⁴ *The Aeneid* eftir Virgil dregin saman. Þýdd af John Dryden. 1997.

Hérna kemur Ágústínus væntanlega með sterkasta punktinn sinn í fyrstu bókinni. Það hefði reynst andstæðingum hans mjög erfitt að svara þessum röksemdum, sérstaklega því að þeirra eigin goðsagnir rekja uppruna gömlu rómversku guðanna til ósigurs þeirra og vanmáttar gegn Grikkjum í Trójustríðinu. Virgil hikaði ekki einu sinni við það að segja að Eneas hafi tekið sína *sigrudu* guði og hörfað á brott frá Tróju.¹⁵

1.4 Hof Juno í Tróju veitti enga vernd frá Grikkjunum; á meðan kirkjur Krists í Róm veittu vernd gegn barbörunum

Hérna er Ágústínus aðeins að styðja fyrri punkt sinn úr 1.3, en notar til þess Eneasarkviðu Virgils (sjá vandkvæði þess í 1.2) sem segir frá því hvernig heiðið hof drottningar guðanna hafi ekki veitt neina vernd (vanmáttur guðanna) en kirkjurnar í Róm gerðu það gegn vísigotunum. Hér snertir Ágústínus aukalega á því hvernig innrásarherir geta aðhyllt sömu trúarbrögð og fórnarlömb þeirra, en segir einnig að þótt Grikkir og Trójumenn hafi hyllt marga sömu guði, þá hafi það ekki haft nein áhrif á atburðarrásina. Þó minnst Ágústínus ekkert á Aríusartrú vísigotanna og skyldleika hennar við rómverska kristni¹⁶ sem hefur líklega spilað inn í miskun þeirra, þótt að sameiginlegir guðir hafi ekki þurft að spila inn í grimmd Grikkjanna.

¹⁵ St. Augustine. 1984, bls 9

¹⁶ Líklega lítur Ágústínus ekki á Aríusarisma sem nægilega verðuga útlekkingu á kristni til þess að viðurkenna skyldleikan við hina almennu rómversku kristni.

1.5 Lýsing Catós á eyðileggingu borgarinnar var algerlega samkvæmt hefðbundnum stríðsvenjum

Hér vitnar Ágústínus í sagnfræðingin Sallust¹⁷ þegar hann segir frá því hvernig Cató yngri ákvað að ráðast gegn rómverskum svikum og á sá gjörningur að hafa farið fram samkvæmt hefðbundnum stríðsvenjum, þar sem hvorki hofum né fólki var þyrmt. Jafnvel rómverskum hofum var ekki þyrmt. Þau voru brennd og rænd eins og önnur hof.

Þó að það komi ekki fram í umfjöllun Ágústínusar ætla ég að birta áhugaverðan kafla í ræðu Cató til öldungaráðsins,¹⁸ sem gefur aukalega innsýn inn í röksemdarlið kirkjuföðursins um gömlu guðina. Í ræðu sinni segir Cató að öldungaráðið eigi ekki að rökræða það frekar hvernig ætti að refsa svikurunum, foreldrum þeirra, *ölturum* þeirra og heimilum, heldur vinna frekar að áætlun til að stöðva þá, því þeir séu enn að miklum fjölda frjálsir til að vinna gegn ríkinu.¹⁹

Það sem stingur í augun hér í samhengi við röksemdir Ágústínusar er það að Cató nefnir það að *altari* svikaranna skuli vera refsað. Nú voru svikararnir rómverskir borgarar og tilbáðu rómverksa guði rétt eins og meðlimir öldungaráðsins. Hér virðist mér menn ekki hafa svo miklar áhyggjur af guðunum og hugsa frekar um altari sem eign manna sem hægt er að vanvirða til þess að refsa mannum frekar en að vanvirða guðinn sem að báðir tilbiðja.

Ef þetta er það hugarfar sem að ríkti fyrir kristnitöku, hefði það getað verið það rótgróið að sú fyrirstaða vísigotanna að bæði þeir og rómversku andstæðingar þeirra væru kristnir, væri minni. Mögulegt hefði verið að vísigotarnir hefðu ekki séð það sem óvirðingu við Jesú frá Nazaret að eyðileggja kirkjur hans og myrða prestana, heldur einungis væri það óvirðing við Rómverja að **þeirra** kirkjur yrðu eyðilagðar, líkt og Cató talar um að rómverskum ölturum svikaranna yrði refsað, en ekki rómversku guðum þeirra. Ef svo væri, myndi það ýta undir rök Ágústínusar um að miskunn vísigotanna væri

¹⁷ Rómverskur sagnfræðingur. 86-34f.kr.

¹⁸ Flutt árið 63 f.kr. í öldungaráði Rómarborgar

¹⁹ Bryan, William Jennings, ed. *The World's Famous Orations*. New York: Funk and Wagnalls, 1906; New York: Bartleby.com, 2003 – sótt 6 desember 14:30 2010

einstök vegna Krists, því engin fyrirstaða væri fyrir vísigotana að brenna
rómverskar kirkjur.

*1:6 Ekki einu sinni Rómverjar þyrma þeim sigruðu sem leita skjóls í hofum sínum í
sigruðu borgum sínum*

Ágústínus talar um að engin hefð sé fyrir því að menn í stríði skuli þyrma fólki vegna guða þeirra, eða helgidóma þeirra. Jafnvel hefðu Rómverjar ekki stundað slíkt, þótt að það sé siður þeirra að “*þyrma hinum sigruðu, en berja niður hina stoltu*”.²⁰ Ágústínus talar hér um að samkvæmt rómverskum gildum, þá hefðu sagnaritarar Rómar ekki hikað við það að státa sig af því ef þeir hefðu þyrmt hofum og þeim sem leitað höfðu skjóls í þeim *ergo*: Þá hefur slíkt ekki gerst í rómverskri sögu.

- Hann tekur dæmi af rómverska hershöfðingjanum Marcus Marcellus sem hertók Syrakúsuborg á Sikiley og hvernig hann grét það blóð sem skyldi flæða fyrir orrustuna. Þessi hugprúði herforingi er ekki sagður hafa þyrmt hofum né þeim sem leituðu hælís í þeim.
- Annað dæmi sem hann tekur er af Fabius sem hertók Tarentum fyrir rómverja. Hann var ekki eins hugprúður og slátraði óvinahernum af mikilli grimmd og gerði svo gys af guðum þeirra, er hann hafnaði því að ræna skurðgoðum þeirra og sagði “leyfum Tarentum að eiga sína reiðu guði”.
- Þar af telur Ágústínus mjög ólíklegt að sagnaritararnir hefðu sleppt því að nefna ef að annar hvor hershöfðinginn hefði þyrmt fólki sem leitaði skjóls í hof sín út af virðingu fyrir guðum þeirra.

Þetta eru ágætis rök fyrir því að sagnaritarar eru ólíklegir til að sleppa því að nefna það að Rómverjar hefðu sýnt guðum óvina sinna það mikla virðingu að þeir hefðu

²⁰ Sjá umfjöllun 1.1

þyrmt fólki sem leitaði skjóls í hofum sínum og það má vel vera að það sé rétt hjá Ágústínusi að slíkt hafði aldrei gerst í rómverskri hersögu fram að hans tíma. Ég fann engar heimildir um slíkan atburð heldur, ekki frekar en Ágústínus. Sérstaklega þar sem Ágústínus vill meina það að Rómverjar séu hinir hugprúðustu í stríðsförum sínum, þá telur hann að litlar sem engar líkur séu á því að aðrar þjóðir hafi gert það heldur.

Svar mitt við þessu væri fyrst að vitna í Alexander mikla frá Makedóníu og umsátur hans um Týrus, sem nefnd var hér fyrir ofan í 1.2, auk þess að vekja athygli á því að þessi punktur Ágústínusar sannar ekkert meira en það að Rómverjar hafa líklega ekki stundað það að þyrma fólki sem leitar skjóls í hofum. Það segir ekkert um hefðir annarra né stríðssiði, virðingu menningarheima fyrir guðum annarra, né segir það neitt um mátt eða sannleiksgildi hinna mismunandi guða og trúarbragða yfir höfuð, heldur segir það aðeins um siðmennsku innrásarhersins og hershöfðingja hans. Það að vísigotarnir hafi þyrmt rómverjum sem földu sig inní kirkjum, segir aðeins eitthvað um Vísigotana, ekki um Rómverja né Krist.

Auk þess er hér flókið samband trúarbragðanna. Mörg þeirra stríða sem rómverjar háðu voru við borgríki sem að höfðu önnur trúarbrögð heldur en þeir sjálfir, eins og herferð Júlíus Sesars inn í Gaulverjaland²¹ en einnig áttu þeir oft stríðum við borgríki sem að höfðu sömu trúarbrögð og þeir, eða með örlítið mismunandi (gríska og etrúska) útfærslu af þeim eins og við Makedóníu og Sýrakúsu. Ég gef mér að það sé meiri heift og minni virðing borin fyrir framandi guðum heldur en þeim sem að bera sama nafn og útlit og þinn eigin.

Það er einmitt það sem gerðist við fall Rómarborgar 410 e.kr. því að þar var innrásarher vísigota með örlítið öðruvísi útfærslu af kristni heldur en kaþólskuna og er það því ekki óhugsandi að þessi sameiginlegi grunnur aríusarsinnaðra vísigota og kaþólskra Rómverja hafi átt þátt í ákvörðun “barbaranna”²² að slátra ekki fólki inn í kirkjum tileinkuðum Jesú Kristi og almáttugum föður hans, frekar en að hér hafi verið um yfirnáttúrulegt inngrip að ræða, því bæði eru fordæmi fyrir slíkri hegðun (sjá

²¹ nútíma Frakkland

²² Eins og Ágústínus kallar þá. Hann nefnir þá aðeins örsjaldan eftir þjóðerni þeirra, „vísigotar“ og aldrei eftir trú þeirra sem að kirkjufaðirinn nefnir ekki.

Alexander) og er hún meira að segja ekki fjarstæðukennd þegar litið er á sameiginlegan átrúnað á Guð föðurinn og einlæga aðdáun á syninum og lærisveinum hans sem að prýddu kirkjubyggingar Rómarborgar.

1:7 Í falli Rómar, munu grimmdarverkin sem framkvæmd voru, vera samkvæmt stríðshefðum, en miskunnin vera vegna máttar Jesú nafns

Hérna dregur Ágústínus saman rökin sín í þessum stutta kafla vel upp í heiti hans.

- Öll hin almennu grimmdarverk sem framkvæmd voru þegar Róm féll, voru samkvæmt langri hefð stríðsreksturs
- Vísigotarnir stofnuðu þó nýja hefð, þyrndu fólki vegna nafns Krists
- Öllu fólkinu sem sótti skjól inni kirkjum var þyrmt
- Það er vegna inngrips og sérstöðu Jesú ofar öllum öðrum guðum
- Hver sá sem sér það ekki er blindur
- Eignum ekki barbörunum þessa miskun, því hugum þeirra var stjórnað af Jesú

Hérna er Ágústínus með sterkan og beinskeittan kafla sem ég vil staldra örlítið við.

Hér er kirkjufaðirinn að skipta upp gjörðum sem áttu sér stað í falli Rómarborgar og flokka þær í svart-hvít hólf (grimmdarverk og miskunnarverk) og gefur sér vald til að eigna þessi verk þeim sem að hentar (grimmdarverkin eru vegna stríðsins, miskunnarverkin vegna Jesú) til að sannfæra þá sem deila þeirri sömu heimsmynd. Slíkt getur þó varla virkað sannfærandi á heiðingjann, né platónistann.

Grimmdarverkin eiga sér bara stað, vegna þess að það er hefðin sem að fylgir hernaðartöku borga, en sú miskunn sem átti sér stað var vegna þess að Jesús frá Nazaret hafði yfirnáttúrulegt inngrip inn í huga vísigotana og fékk þá til að fremja þessi umræddu miskunnarverk. Þetta er mjög hentug skipting fyrir Ágústínus og minnir á tvíklemmuna um uppruna illskunar, þegar kirkjufaðurnir lofa almáttugan Guð fyrir allt

gott sem gerist í heiminum, en koma honum undan ábyrgð á öllu því slæma sem að gerist í heiminum, með kenningum á við syndafall, frjálstan vilja o.s.fr. sem er einkennilegt því rætt er um almáttuga veru og skapara alls.

Ef Jesús hefði það vald að getað stjórnað hugum vísigotana til þess að sýna einstaka miskunnarverk á meðan þeir brenndu og rændu borgina frjálsri hendi, hví er honum ekki kennt um grimmdarverkin? Hann hafði greinilega valdið til að bjarga hverjum sem hann vildi, jafnvel hindrað árásina í heild sinni fyrst hann gat stjórnað hugum þeirra líkt og hann sýndi fram á. Hérna verður Ágústínus að eigna Jesú alla ábyrgð eða enga, því að hann hefur fullan mátt yfir hugum vísigota, en lét þá aðeins þyrma einstaka byggingum sem tileinkaðar voru honum og handfylli af fólki sem náði að flýja þar inn, en gaf þeim lausan tauminn til að myrða hvern annan sem á vegi þeirra varð.

“Það eina sem að þarf til að hið illa sigri, er það að góðir menn standi aðgerðarlausir”

~ Edmund Burke

Jesús er vissulega hinn góði maður og eins Ágústínus skýrir, þá var hann vissulega í stöðu til að hindra illsku og gerði það að vissu leyti, en sat aðgerðarlaus hjá á meðan megnið af Rómarborgurum þurfti að þola illsku vísigotanna án yfirnáttúrulegrar verndar. Hví þá?

Að lokum setur Ágústínus okkur í þumalskrúfu með rökvillu sem kallast fölsk tvíklemma²³ og gefur okkur valið “hver sá sem sér það ekki [inngríp Jesú og tilstuðlan hans að miskunnarverkum vísigotanna] er blindur”. Semsagt, annaðhvort munt þú fallast á niðurstöðu mína eða þú ert blindur, og biðlar hann þannig til stolts okkar, frekar en sannfæringar.

²³ Bowel, Tracy & Kemp, Gary. 2005. Bls 1060

1:8 Blessun og hörmungar deilast oft jafnt meðal góðra og slæmra manna

Hér heldur Ágústínus áfram til að svara þeirri augljósu spurningu sem vaknar upp í mönnum eftir lýsingu hans á því hvernig almáttugur guð allrar sköpunar á að virka sem ríkisguð með hagsmuni ríkisins fyrir hendi; Hvar er réttlætið? Þetta er erfitt efni fyrir hvaða kristinn guðfræðing sem er og kemur inn á vandamál illskunnarsemi gætu orðið 22 bækur útaf fyrir sig. Ágústínus svarar með eftirfarandi hætti.

- „Þannig sýnið þér að þér eruð börn föður yðar á himnum er lætur sól sína renna upp yfir vonda sem góða og rigna yfir réttláta sem rangláta“²⁴
- Allir verða fyrir illsku og réttlæti heimsins
- Þeir góðu og trúðu munu læra þolinmæði og þrautsegju í hamförum
- Sumir hinna illu munu sjá að sér í hamförum
- Þeir illu sem sjá ekki að sér fá þá réttmæta refsingu í hamförum
- Þeir góðu og trúðu munu ekki sækjast eftir gæðum og góðu láni í þessu lífi, því það er óskilyt trúnni.
- Aðalmáli skiptir að bæði gæfa og harmleikur leiði manninn til Guðs
- Raunverulegt réttlæti þar sem hinum trúföstu er launað og hinum illu er hegnt gerist eftir dauðann.

Ágústínus heldur áfram að opinbera leyndardómsfyllta vegi Guðs, hvernig hann útdeilir gæfu og óláni í þessum heimi.

²⁴ Matteusarguðspjall 5:45

- Ef Guð augljóslega launaði og refsaði hverja gjörð hér á jörðu samstundis, þá væri ekkert réttlæti eftir fyrir dómsdag²⁵
- Mennt myndu sjá veraldlegan hag sinn bestan í að lofa Guð launanna vegna
- Guð launar og refsar af handahófi til að gefa nasapefinn af hans réttlæti sem að bíður okkar á dómsdegi
- Það er mannsins að bregðast við láni og ógæfu með því að snúa sér til Guðs.

Þetta er löng og ýtarleg röksemdarfærsla sem kirkjufaðirinn gefur okkur, enda stórt málefni sem glímt er við. Ég er ekki svo viss um að hann geti biblíulega stutt allar fullyrðingar sínar hér, en þetta höfðar vissulega til skynsemi trúmannsins engu að síður.

Hér sjáum við heimsmynd þar sem að Guð er frekar fjarlægur og gerir lítið upp á milli sinna heitustu trúmanna og fjandsömustu andstæðinga. Allir þjást og allir gleðjast. Það sem skiptir máli er hvernig maðurinn bregst við örlögum sínum. Eins og dæmið sem Ágústínus kemur sjálfur með, að hræra í rotþró gefur af sér sterka ólykt, en að hræra í ilmvatni gefur af sér góðan ilm, samt er hreyfingin sú sama. Þannig mun hún skera út um hverjir hinir góðu og trúföstu eru, eftir því hvernig þeir bregðast við óförum sínum.

Rök Ágústínusar um réttlæti Guðs í smáskömmtum eru frekar hentug og hafa þann brag á sér að vera smíðuð til að réttlæta heiminn eins og hann er, frekar en að guðleg forsjá liggi skýr fyrir. Rök hans verja frjálstan vilja með því að Guð sé ekki ofsýnilegur með því að fullkomið réttlæti hans grúfi ekki yfir okkur eins og þung reikningsskil sem að bugar dómgreind og vilja okkar til hlýðni við hann. Það er vissulega verðugur punktur sem reynir að samrýma þeimann²⁶ við frjálstan vilja. Guð hefur rétt nægilega mikið inngrip í heiminn til að láta trúmenn vita að réttlætið liggur aðeins rétt handan við dauðann, en ekki svo mikið að það skerði frelsi þeirra til athafna sem að sjá ekki heiminn með gleraugum trúmannsins.

²⁵ Ágústínus setur ekki spurningarmerki við það afhverju það þarf að vera svo. Andstæðingar gætu spurt hví guðinn hans sjái ekki fyrir fullkomnu réttlæti strax hér á Jörðu

²⁶ Heimsmynd með persónulegan Guð sem á inngrip inn í heiminn

Erfitt getur reynst að rýna ítarlega í þessi rök kirkjuföðurins, sérstaklega þar sem Guð hefur mjög mismikil inngrip inn í heiminn í Biblíunni og með ýtarlegri rýni gætu andstæðingar hans sýnt mörg biblíuleg dæmi þar sem að atferli Guðs fer á skjön við þetta kerfi sem Ágústínus hefur sett upp. Þeir gætu gert það með því að sýna fram á engin afskipti af þeim trúuðu í óförum þeirra frá fæðingu til dauða,²⁷ eða jafnvel yfirgnæfandi afskipti í hverri gjörð, eða að minnsta kosti svo að engin efi væri á því að Guð skipti sér beint af heiminum, hagsmunum þess trúaða og pólitískri stjórnun þjóðarinnar útvöldu eins og til dæmis á dómara og konungatímabilinu.

Þessi rök gefa það fyrst og fremst til kynna að Ágústínus er líklega að réttlæta heiminn eins og hann kemur fyrir sjónir að kristinni heimsmynd sem að er þeismi sem inniheldur frjálsan vilja. Er kerfið hans því hentugt til þess og er gert til að biðla til skynsemi mannsins, frekar en biblíuþekkingar.

1.9 Ástæðan fyrir því að hinir góðu og þeir illu þjást saman

Hér heldur Ágústínus áfram að útskýra kosmískt réttlæti almættisins.

- Aðeins gott getur komið úr þjáningu þess trúaða
- Hann mun taka þjáningu sinni af yfirvegum og íhuga hvaða syndir hans hafi vakið reiði Guðs og bæta þær.
- Enginn er algerlega syndlaus, enginn er því algerlega þjáningarlaus
- Stóru þjáningar lífsins fyrir hina trúuðu koma frá þeirri stóru synd að þeir ávíta ekki guðlausa, svo þeir missi ekki vinsældir eða orðspor
- Þjáning er áminning um réttlæti almættisins og sjálfsbetrun fyrir þá trúuðu

²⁷ Fyrstu 430 ár Gyðinganna í þrældómi í Egyptalandi. Exodus 12:40-41

Hérna kemur kirkjufaðirinn með sterkan punkt, sem liggur þó mikið á milli hluta í Biblíunni. Biblían fjallar mikið um þjáningu þeirra trúuðu, allt frá þjáningu Jobs, harmsálmum og orðum Jesú um að fylgjendur hans mega búast við ofsóknum, en hún kemur einnig inn á velgengni þeirra trúuðu vegna trúar þeirra eins og kemur fram í 1. sálmi og velgengni Hebreanna í stríðum við Kaananíta og fleiri þjóðflokka á dómaratímabilinu. Þótt Ágústínus hafi vissulega biblíulegan hljómgrunn í þessari röksemdarfærslu sinni, þá er Biblían í heild sinni of margþætt til að geta stutt þennan punkt í einarðri afstöðu sinni til þjáningar. Hér er kirkjufaðirinn því líklega að biðla til skynseminar þar sem hann reynir að setta (af því sem virðist vera) afskiptalausán heim við hugmyndina um þeisma.

Þeir trúuðu fá ekki þjáningarlausu ferð í þessu stutta lífi því að þeir eru ekki fullkomnir og eiga erfitt með að segja að þeir eigi enga refsingu skilið fyrir lítilvæglegar syndir sínar. Hérna er Ágústínus komin út á hálan ís. Það þarf aðeins að fara með þessa röksemdarfærslu hans aðeins lengra og þá sjáum við Pelagíus²⁸ skjóta upp kollinum og skora á trúaða (samkvæmt röksemdarfærslu Ágústínusar) að ef þeir þjást vegna lítilvæglegra synða²⁹ ættu þeir að getað losað sig við þá fáu lesti sem eftir standa (hinar lítilvægu syndir sem kirkjuföðurinn nefnir sem uppsprettu þjáningar) og þannig losað sig undan þjáningum sínum og lifað syndlausu og þjáningarlausu lífi (undir þeim forsendum: þjáning = synd) í verkaréttlætningu.

Ágústínus mun útskýra málstað sinn betur með erfðasyndinni³⁰, en glöggur lesandi gæti séð hvernig hún gæti hafa verið gerð með ákveðinni örvæntingu kirkjuföðursins til þess að réttlæta hjálpræðisverkið eftir að hafa grafið sér gröf með þessum rökum um þjáningu þeirra réttlátu.³¹

Í fjórða lið þessarar röksemdarfærslu kemur Ágústínus inn á stærstu synd þeirra trúuðu, sem að er í raun að elska þennan heim. Hann ávítar þá fyrir það og segir það

²⁸ Líklega breskur (frekar en franskur) munkur, andstæðingur Ágústínusar. [354-420 e.kr.] sem sagði að við gætum lifað syndlausu lífi með góðum verkum.

²⁹ Ágústínus gefur sér að þeir trúuðu stundi ekki stóvægilega glæpi eins og þeir vantrúuðu. Ath. Ágústínus skiptir oft orðunum „trúaðir“ (e. believer) fyrir „góðir/réttlátir“ (e. good/righteous) eins og um sama hlutinn sé að ræða

³⁰ Kenning um að við fæðumst syndug. Ágústínus er með mun víðari skilning á syndinni heldur en aðeins „slæmar gjörðir“, en hér talar hann um syndina í samhengi við gjörðir og er því opinn fyrir þessari gagnrýni.

³¹ trúuðu

augljóst vegna þess að þeir ávita ekki guðlausa og synduga, heldur hugsa fyrst og fremst um ímynd sína og vinsældir með því að vinna að því að gera hreint fyrir sínum dyrum. Þær veraldlegu afleiðingar og aðkast sem geta komið í kjölfar þess að ávita annan fyrir guðleysi sitt og syndugt líferni ætti ekki að skipta þá neinu sem hefja augu sín til fjallana og setja ríki Guðs í efstu forgangsröð, en ekki þetta vesæla jarðneska líf. Jafnvel hætta á hatri, pyntingum og dauða ætti ekki að láta þann trúaða hika við að áréttu þá ranglátu og láta þá vita af komandi réttlæti Guðs.

Þetta er gegnumgangandi þema í kristinni hugmyndasögu um hinn góða mann sem gerir ekkert á meðan illskan blómstrar. Frægt dæmi er röng tilvitnun John F Kennedys í ítalska skáldið Dante Alighieri frá 14. öld, en þar segir JFK: „Heitustu staðir í helvíti eru fráteknir fyrir þá sem í stórum siðferðislegum krísum halda fast í hlutleysi sitt“.³² Þótt að Dante hafi aldrei sagt neitt slíkt sem kalla mætti tilvitnun, þá lýsir hann engu að síður stað í forgarði helvítis sem að er fyrir þá sem að stóðu hjá á meðan illskan óx í bakgarði þeirra.³³ En í raun voru þetta frekar þeir sem voru „hálf volgir í trúnni“,³⁴ en þeir sem stóðu hjá á meðan aðrir frömdu illsku.

Hérna eru skil á milli þeirra sem reyna að fullkomna sjálfa sig samkvæmt trúnni³⁵ en ávita ekki aðra, og svo þá sem eru fastir í siðferðislegu (og trúarlegu) hálfkákí hvað þá sjálfa varðar og nágretta sína. Fyrri hópurinn er sá sem Ágústínus ávítar, sem og John F Kennedy, en Dante og Jesús (í Opinberunarbókinni í aðvörun sinni til hinna „hálf volgu“) tala mun frekar um seinni hópinn.

Vegna þess að Ágústínus talar til fyrri hópsins, til hinna góðu trúmanna, sem ekki eru hálf volgir, heldur mjög staðfastir í eigin trú og siðferði, en skortir vilja til að ávita aðra, er hann komin á mjög grátt svæði sem setur orð Jesú í miklar flækjur þar sem hann segir:

Dæmið ekki, svo að þér verðið ekki dæmdir. Því að með þeim dómi, sem þér dæmið, munuð þér dæmdir, og með þeim mæli, sem þér mælið, mun yður mælt verða. Hví sér þú flísina í auga bróður þíns, en tekur ekki eftir bjálkanum í

³² Sagt í ræði í Bonn, Vestur Þýskalandi, við undirritun skjals sem að stofnaði sveit þýsku friðargæsluliðanna, 24. Júní, árið 1963

³³ Alighieri, Dante. 2006. Bls 26, lína 9 til 14

³⁴ Sbr. Opinberunarbók Jóhannesar 3:16

³⁵ Eins og Ágústínus gerir ráð fyrir að trúaðir geri

auga þínu? Eða hvernig fær þú sagt við bróður þinn: Lát mig draga flísina úr auga þér? Og þó er bjálki í auga sjálfs þín. Hræsnari, drag fyrst bjálkann úr auga þér, og þá sérðu glöggt til að draga flísina úr auga bróður þíns.³⁶

Vegna þess að Ágústínus lítur svo staðfastlega á siðferði þeirra trúuðu sé yfirburðar siðferði, þá mætti túlka hann sem svo (þegar orð hans eru borin saman við þau sem eignuð eru Jesú í Matteusi) að þeir trúuðu sem kirkjufaðirinn ávarpar séu þeir sem hafa dregið flísina úr augum sínum. Því ávítar hann þá fyrir að benda ekki á bjálkann í auga annarra fyrst að þeirra eigin flís sé að mestu horfin.

Hér lýkur yfirferðinni um réttlæti og afskipti Guðs í samhengi við fall Rómaborgar og samanburðinn við heiðnu guðina. Nú fer kirkjufaðirinn að draga úr þeim hamförum sem áttu sér stað með því að setja þær í kristilegt samhengi og minna fólk á hvaða áherslur hinn trúaði ætti að hafa í þessum heimi sem að gerir fall Rómar og ófarir fólksins þar lítilvægar þegar þær eru settar í stærra samhengi kosmískrar heimsmyndar kristinnar.

1.10 Hinir heilögu tapa engu á því að missa veraldleg gæði og eignir

Hér kemur Ágústínus inn á hvernig þeir trúuðu eru hvergi skaddaðir af því að missa veraldlegar eigur sínar. Hér er hann að sjálfsögðu að tala um fall Rómar og hvernig hún varð rænd inn að beini. Hann leggur rök sín út á eftirfarandi hátt.

- Menn koma naktir í þennan heim með ekkert og fara með ekkert með sér í dauðann
- Trú er eina ríkidæmið sem menn taka með sér

³⁶ Matteus 7:1-5

- Allt sem innifelur ekki í sér trúmissi, er ekki missir fyrir þann trúaða

Hér talar hann í beinu samhengi við fall Rómar og það arðrán sem að fylgdi í kjölfarið. Þessi röksemdafærsla er frekar beinskeytt og sterk, en varla frumleg né framandi fyrir heiðinn lesendahóp bókarinnar. Þetta eru gamlar klassískar dyggðir sem spretta upp í flestum samfélögum. Að leggja ekki of mikla áherslu á ríkidæmi, heldur rækta andann og innri mann (trú í þessu samhengi). Lesendahópurinn mun hafa verið alinn á þessum dyggðum af hellenísku heimspekinni, ef ekki kristni. Þetta eru klassískar stóískar dyggðir³⁷ sem flestir andans menn innan heimsveldisins gætu fallist á, hvort sem þeir væru ný-platónistar, kristnir, ísissinnar eða fölgðistrúarmenn. Kirkjufaðirinn er þó að gera meira en að hamra á þessum tímalausum gildum, heldur er hann að draga úr skaðanum sem íbúar Rómaborgar þurftu að þola af höndum vísigota, svo menn fari ekki að setja samhengi á milli kristnitöku og raunverulegra ófara.

1.11 Endirinn á þessu lífi mun koma fyrr eða seinna

- Við þurfum ekki að hafa áhyggjur af þeim sem dóu í árásinni
- Við deyjum öll á endanum, skiptir engu hvort dauðinn komi fyrr eða seinna
- Þegar líkaminn deyr er honum sama hvernig hann dó
- Það skiptir aðeins máli að menn hafi lifað vel³⁸
- Dauðinn er ekki slæmur, aðeins það sem kemur á eftir dauðann er gott eða slæmt fyrir okkur

³⁷ Vinsæl hellenísk heimspekistefna sem að var áhrifamikill forveri kristninar í rómverska heimsveldinu. Snýst að mestu um sjálfafneitan og yfirvegum. Komin frá gríska heimspekingnum Ζήνων Κιτιεύς, eða Zenó frá Citium [334 - 262 f.kr]

³⁸ Í trú

Hér er annar liður kirkjuföðursins gerður til að minnka skaðann af árásinni á borgina kristnu þar sem hann fullyrðir að ofan á hve lítilvæglegt það er að vera rændur, þá skiptir dauðinn litlu fyrir þann trúaða því að eftirlífið er það eina sem í raun skiptir máli. Allir munu deyja á endanum og ef þú hefur verið það heppinn að vera hólpinn og lifað góðu (kristnu) lífi þá skiptir ekkert annað máli.

Það er lítið út á þessi rök að setja samkvæmt kristinni kenningu, en við getum gefið okkur forsendurnar fyrir þeim og framsetningu þeirra hjá kirkjuföðurnum sem sér hag sinn bestan í að gera sem minnst úr þeim hamförum sem að hin kristna Rómaborg varð fyrir. Líkt og fyrr gerði hann lítið úr ránsferðunum og hér dregur hann úr skaða dauðsvaldana með kristinni heimsmynd og áherslu á eftirlífið.

1.12 Skortur á gröf skiptir engu fyrir kristið fólk

Hér er þriðji punkturinn sem kirkjufaðirinn kemur með til að minnka skaðan sem varð í falli Rómaborgar og snertir fjöldamorðin sem þar skulu á þegar hersveitir vísigotanna fóru ránshendi yfir borgina.

- Margir dóu svo skyndilega og í svo miklum fjölda að ekki náðist að grafa nærri alla
- Gröf skiptir engu máli fyrir hinn kristna
- Jesús sagði mönnum að óttast ekki þá sem aðeins geta deytt líkamann³⁹
- Engu skiptir þótt rándýr éti lík kristinna manna
- Líkaminn mun rísa upp ósnertur á dómsdegi

³⁹Lúkas 12:4

Það sama má segja um þessa röksemdarfærslu og þá fyrri, að hún sé frekar vatnsheld innan hugmyndakerfis kristinnar þótt að þetta hafi verið hitamál fyrir marga vegna alls kyns hefða og siða í menningarheimum Miðjarðarhafsins. Fyrir mörgum var skortur á réttum athöfnum og greftrarsiðum hið versta mál sem að myndi hafa slæmar afleiðingar fyrir þann látna. Höfðingjar voru grafnir með dýrum og hagnýtum munum til að nota í næsta lífi og algeng hefð var að skilja eftir mynt⁴⁰ í augum þess látna til að geta borgað ferjumanninum Karon fyrir ferðina yfir ána Styx og til undirheima í framhaldslífið fyrir tíma kristinnar. Hérna er þó Ágústínus að brjóta upp þá hefð og segir að gröf og greftrarsiðir skipti engu máli fyrir kristið fólk vegna upprisunnar sem krefst engrar athafnar eftir dauðann.

Vissulega er þetta svar við þeim sem að benda á þær hörmungar sem hin nýkristna Róm var að fara í gegnum, en er þó hvergi hvikað frá almennri kristinni kenningu. Ágústínus kemur inn á það í næsta kafla örsnöggt að vissulega sé ekkert að góðri útför til að minnast og heiðra þann látna. Jesús var grafinn í fínni gröf og er því tekið sem góðum hlut. En gröfin sjálf gefur þér ekkert forskot í næsta lífi. Menn verða dæmdir af trúnni einni. Þetta er í raun mun róttækari punktur hjá honum en virðist í fyrstu þegar við hugsum um alla þá siði og greftrunarathafnir sem að tíðkuðust í hinum helleníska heimi og afleiðingarnar sem þær höfðu fyrir þann látna fyrir tíma kristinnar. Ekki voru þá allir á sama máli hvað kristnar grafir varða á tímum kirkjuföðurins, því snemma fóru menn að leggja sérstakan átrúnað við grafir píslarvotta og margir töldu þær vera tengilið á milli himnaríkis og Jarðar.⁴¹

1.14-15 Hin Guðlega huggun þeirra heilögu í gíslingu

Hér kemur Ágústínus inn á næstsíðasta punkt sinn til þess að gera lítið úr hamförum Rómarborgar og ávarpar þá sem teknir voru í gíslingu, eða þrældóm af vísigotunum.

⁴⁰ Grísk smámynt, Obol

⁴¹ Brown, Peter. *The Cult of the Saints*. 1982. Bls 3

- Skiptir ekki máli hvort kristið fólk sé tekið í burtu frá heimilum sínum
- Guð yfirgaf ekki Daníel í Babýlon, Jónas í hvalnum, né hebreana í útlegð
- Aldrei hægt að taka þig líkamlega úr auglýning Guðs (nærveru Guðs?)

Ágústínus kemur aftur inn á það sjónarmið að samband fólksins við Guð sé það eina sem að virkilega skiptir máli og er hér að færa rök fyrir því að Guð sé ekki staðbundinn þeim stöðum, eða borgum sem tileinkuð eru honum. Þetta er nokkuð róttækt hvað klassíska miðjarhafsmenningu varðar, því oft héldu menn að guðirnir byggju í hofum sínum og væru máttlittlir fjarri þeim, eða ef þau væru eyðilögð. Engu að síður notast kirkjuföðurinn við biblíulegan rökstuðning og nefnir Daníel, Jónas og útlegð gyðingana sem dæmi um að Guði sé engin landamæri sett. En er Guð allstaðar samkvæmt biblíunni eins og Ágústínus heldur fram? Hér eru nokkur dæmi:

„Lít niður úr þínum heilaga bústað, frá himninum“.⁴² Hér er talað um guð sem persónu sem lítur niður. Þetta þarf þó ekki að þýða að Guð sjái ekki hina kristnu hvar sem að þeir eru niður komnir, en engu að síður talar Móse um hann líkt og staðbundna persónu.

“Faðir vor, þú sem ert á himnum”.⁴³ Aftur talað um hann sem staðbundin. En ekki “Þú sem ert allsumlyggjandi”.

“Því að Kristur gekk... ..inn í sjálfan himininn, til þess að birtast nú fyrir augliti Guðs okkar vegna”.⁴⁴ Hér er talað um að Jesú hafi farið á stað þar sem að Guð dvelur til þess að standa til auglitis við Guð. Hann hafi því komið til Guðs þar

⁴² 5. Mós 26:15

⁴³ Mat 6:9

⁴⁴ Heb 9:24

sem hann er. Þetta fer gegn því að Guð sé allstaðar, en getur stutt það að Guð sjái allt.

Að sama skapi er margt sem að styður það að Guð sé allstaðar, eða sé jafnvel holdgervingur sköpunarinnar eins og Benedikt Spinoza hélt fram.⁴⁵ “*Getur nokkur falist í fylgsnum þar sem ég get ekki séð hann? spyr Drottinn. Er það ekki ég sem fylli bæði himin og jörð? spyr Drottinn*”.⁴⁶ Þó að andstæðingar Ágústínusar gætu sagt það liggja milli hluta um hvaða rúmmál Guð Biblíunnar fyllir í sem vera, þá virðist flest koma heim og saman við þann punkt Ágústínusar að Guð (skv. Biblíunni) muni vera hæfur til að sjá kristna fanga hvert sem þeir séu teknir.

1:16-19 *Nauðganir eru framkvæmdar án samþykkis og óhreinka því ekki persónu þeirra þjáðu*

Hér er svo seinasta málefnið sem að Ágústínus fjallar um hvað afleiðingar stríðsins varðar fyrir kristnu borgarana og hvernig kristin heimsmynd setur hlutina í rétt samhengi.

- Nauðgun er kominn frá losta árársarmannsins
- Lostinn er synd sem er ekki að finna í fórnarlambinu
- Ef fórnarlambið berst gegn nauðgununni er sál þess enn óspjölluð
- Skírlífi er dyggð hugans
- Sjálfsmorð eftir nauðgun er eina syndin sem fórnarlambið framkvæmir

⁴⁵Hollenskur heimspekingur af gyðinglegum ættum frá 17. öld. Færði heimspekileg rök fyrir algyðistrú frekar en klassískum gyðingdómi

⁴⁶ Jer 23:24 [feitltrun mín J.Æ.]

Að mínu mati er það hér sem að Ágústínus er á hápunkti ferils síns, mörghundruð árum á undan samtíma sínum. Frumkvöðull femenisma og almennra mannréttinda og stendur sem bjarg fyrir fórnarlömb karllægra heiðurssamfélaga sem standa eftir sem gölluð „vara“ eftir að hafa óviljug lent í hrikalegum glæp. Verst að þessi orð kirkjuföðurins eru ekki þau sem að koma fyrst í huga fólks þegar hann er nefndur á nafn og erfitt væri að segja að þessi röksemdarfærsla hans hafi mótað huga Evrópubúa fram eftir öldum. Það er fyrst á síðustu árum sem að þessi umræða hefur fengið alvarlegan meðbyr hérna á Íslandi og Vesturlöndum almennt. Á mörgum stöðum í heiminum er jafnvel enn verri aðkoma að þessum glæpum en á tímum Ágústínusar.

Jafnvel helstu hugsuðir upplýsingarinnar Vestur-Evrópu gátu ekki komist á það frjálsræðisplan sem að kirkjufaðirinn stendur á, sem er kaldhæðnislegt vegna þess stimpils sem hann hefur fengið á sig sem holdgervingur kaþólskrar íhaldssemi og forneskjulegrar hugsunar. Óhætt er að segja að honum sé ekki gert nægilega góð skil í nútímanum hvað þetta varðar. Sjáum til dæmi skilning Immanuel Kants á nauðgunarfórnarlömdum:⁴⁷

Ef kona getur til dæmis ekki haldið lífi sínu nema að afhenda líkama sinn til vilja annars, þá er hún bundin því að gefa lífið frekar en að vanvirða mannkynið í heild sinni með persónu sinni, sem er það sem hún væri að gera ef hún gæfi sig vilja annara.⁴⁸

Og um Lucretiu sjálfa sem að fremur sjálfsmorð eftir nauðgun segir Kant þetta:

⁴⁷ Ath. hér er Kant að taka fyrir nákvæmlega sama dæmið og Ágústínus tekur (*De Civitate Dei* 1:19) um sjálfsmorð Lucretiu eftir nauðgun skv. rómverksa sagnfræðingnum *Titus Livius* [59 f.kr – 17 e.kr]. Þeir taka sama dæmið og komast að sitthvorri niðurstöðunni út frá því

⁴⁸ Kant, Immanuel. 1963, bls 156. Mín þýðing. Frummál heimildar: “If, for instance, a woman cannot preserve her life any longer except by surrendering her person to the will of another, she is bound to give up her life rather than dishonour humanity in her own person, which is what she would be doing in giving herself up as a thing to the will of another.”

Að gera það sem að Lucretia gerði er að sækja sér lækningu sem að er ekki á okkar vegum. Það hefði verið betra hefði hún varið heiður sinn til dauða.⁴⁹

Ágústínus kemst eins og hér sést að allt annarri niðurstöðu eftir rýni sína í sjálfsmorð Lucretiu og gerir ýtarlega grein fyrir því hvernig sjálfsmorðið sjálft sé hin versta synd. Sérstaklega þar sem að þarna er óspjölluð sál myrt vegna óréttlátrar skammar sem sé með öllu manngerð.

Röksemdarfærslan er frekar þétt og erfitt að hrekja hana án þess að koma upp um hlutgervingu sína á konum. Eina sem er spjallað eftir nauðgun er meint notagildi fórnarlambins samvaxið karllægu og forheimskandi stolti eiginmans. Manneskja getur aðeins lækkað í verði í samfélaginu ef hún er mæld út frá notagildi sínu sem vara og er því kvenfjandsamleg hlutgerving nauðsynleg til þess að hrekja þennan punkt kirkjuföðurins

Í kristnu samhengi eru rök Ágústínusar í takt við orð Jesú ef að við víkkum skilning okkar á orðum hans þegar hann fjallar um aðskilnað sálar og líkama í mataræði okkar.

Skiljið þið ekki að ekkert sem fer inn í manninn utan frá getur saurgað hann? Því að ekki fer það inn í hjarta hans heldur maga og út síðan í safnþróna.“ Þannig lýsti hann alla fæðu hreina. Og hann sagði: „Það sem fer út frá manninum það saugar manninn. Því að innan frá, úr hjarta mannsins, koma hinar illu hugsanir, saurlifnaður, þjófnaður, manndráp⁵⁰

Þetta má túlka sem tvíhyggju Jesú þar sem hann lýsir yfir aðskilnaði á milli líkama og sálar (eða huga) hvað syndina varðar. Þetta kemur einnig inn á afstöðu Ágústínusar hvað grafir varða. Örlög líkamans skiptir þá kristnu engu máli, enda eru

⁴⁹ Kant, Immanuel. 1963, bls 149-150. Mín þýðing. Frummál heimildar: „*To do what Lucretia did is to adopt a remedy which is not at our disposal; it would have been better had she defended her honour unto death.*“

⁵⁰ Markús. 7:18-21

þau utan þeirra valdasviðs. Það er aðeins það sem að kemur frá þeim sjálfum sem að þeir hafa vald á sjálfir þar sem maðurinn velur syndina. Röksemdarfærslan er því ekki aðeins rökfræðilega þétt og mjög framúrstefnuleg, heldur smellpassar hún við kristna kenningu og siðferði. Tel ég því Ágústínus enda á sínum besta punkti til þessa.

Lokaorð.

Í þessari ritgerð hef ég tekið fyrir einn merkasta og áhrifamesta kristna penna í sögu kirkjunnar þar sem að hann stendur sterkastur og hef rýnt í rökfræði hans á meðan hann glímir við margvísleg málefni í deilum sínum við lærða og merka menn sem að vilja grafa undan kristindómi Rómaveldisins.

Fyrst tekur hann fyrir samanburð á gömlu rómversku guðunum það er að segja, rómversku byrtingarmynd klassísku grísku guðanna sem barst þó líklega í gegnum Etrúa, (foran þjóðflokk fyrir norðan Róm) og Jesú frá Nazaret. Við lendum snemma í stórum guðfræðilegum vandræðum um afskipti og afskiptaleysi hins nýja Krists til verndar borgarinnar auk vandkvæða um það hvort Faðirinn vinni í raun að hagsmunum ríkisins í klassískum skilningi. Við lendum í rökræðu um meint kraftaverk sem Ágústínus gerir mikið út úr ~ að fólki í kirkju hafi verið þyrmt af virðingu við Krist í ósigri Rómar gegn vísigotunum ~ sem að við sjáum þó að er ekki einsdæmi í hellenískri stríðssögu eins og kirkjufaðirinn heldur fram ofan á að það eru flókin tengsl trúarbragða og hefða sem geta haft sitt að segja í þessum atburði. Tel ég mig því hafa grafið verulega undan þessu kraftaverki sem Ágústínus styðst mikið við í rökfærslum sínum.

Ágústínusi tekst þó vel til að grafa undan gömlu guðunum og benda á getuleysi þeirra í gegnum söguna og þá sérstaklega í þeirra eigin goðsögum. Þó þykir mér það einkennilegt hve auðveldlega hann virðist flokka sagnfræði og heiðnar goðsagnir saman.

Seinna tekur hann svo mjög stórt efni fyrir þar sem hann reynir að réttlæta þær hörmungar sem á dundu í kjölfar ósigurs Rómar að þeirri hugmynd að til sé alvaldur Guð sem sé fullkomlega réttlátur. Hann gerir þeirri hugmynd ágætlega skil með hugmyndum um uppgjör eftirlífsins og að réttlæti snúist fyrst og fremst um viðbrögð þess réttláta við óförum. Þetta er vel rökstudd kenning og prýðir sig vel í flóru hellenískra heimspekikenna⁵¹ en hún er full hentug fyrir mann sem er bundin heimsmýnd Biblíunnar og getur því ekki látið hugann reika frjálst í hentisemi eftir því

⁵¹ Hér er á ferðinni ekki ólíkur hugsunarháttur og hjá Stóumönnum, sem settu áherslu á viðbrögð frekar en atvik í hamingju einstaklingsins.

sem hann sér í kringum sig eins og við sjáum hjá Plató.⁵² Ágústínus hefur vissulega einhvern biblíulegan rökstuðning bakvið þessa útskýringu sína á eðli guðlegs réttlætis, en ég tel þó að hans eigið hyggjuvit hafi verið lykilþáttur í þessum útskýringasmíðum og þannig hafi hann byggt upp rökfræðilega hentug hugmyndakerfi sem hljóma vel í eyrum skynseminnar.

Að lokum tekur kirkjufaðirinn fyrir þær hörmungar sem dundu yfir þá kristnu sem að voru í Róm þegar hún féll og setur þjáningar þeirra í samhengi við kristna heimssýn. Það er svipuð formúla hjá honum í þeim röksemdarfærslur þar sem hann biðlar til andans frekar en holdsins og gerir þannig lítið úr veraldlegum þjáningum þessa fólks og biður um að menn líti á stærra samhengi hlutanna með Guð sem þungamiðju. Engu skiptir hvort þú ert rændur, drepinn, ógrafinn, tekin í gíslingu eða jafnvel nauðgað þegar þú lifir í brygðulum heimi sem þjónar fyrst og fremst þeim tilgangi að vera undirbúningur fyrir hið næsta líf með Guði.

Þetta eru allt klassískar dyggðir sem hann talar um þegar hann biðlar til andans og þess að fólk láti líkamlegar þjáningar og veraldlegan missi lítið á sig fá. Meira að segja passa röksemdir hans að flestu leyti vel við boðun Biblíunnar þannig að víst er að hann er ekki aðeins að búa til þessa heimsýn upp úr þurru vegna hentugleika hennar miðað við aðstæðurnar. Engu að síður er erfitt að losna við þá hugsun að Ágústínus hefur allra hagsmuna að gæta að gera sem minnst úr þjáningu þessa fólks, svo að heiðnir menn geti ekki tengt kristnitöku ríkisins við raunverulegar ófarir og þjáningu þegna þess. Því þarf hann að gera þessa þjáningu eins óraunverulega og hægt er hvort sem að slíkt sé í takti við biblíulega heimsmynd eða ekki.

Þegar á allt er lítið er óhætt að segja að Árelíus Ágústínus sé sannfærandi maður. Það varð aldrei efanum að bráð. En tilgangur þessarar ritgerðar var einmitt að láta þennan sannfærandi mann standa á eigin fótum andspænis nútíma rökfræði með enga ábreiðu af hentugri túlkun til að aðlaga hans frjálslyndustu punkta að stefnum og straumum samfélagsins í dag⁵³ og sjá hvort hann standi í lappirnar eftir slíka meðferð. Aðeins frumtexti hans og rökfræðin læst saman í einni ritgerð með eilítilli sagnfræði og hugmyndasögu til að gefa textanum sögulegt samhengi. Þrátt fyrir nokkrar rökvillur,

⁵² Sjá sérstaklega ritið *Τίμαιος*, eða *Timaeus*

⁵³ Mjög vinsæl framsetning trúvarnarmanna á Ágústínusi. Sjá McGrath 2007, bls 7

umdeilanlega sagnfræði og örlitla hentisemi á tímum eldast rökfærslur Ágústínusar nokkuð vel og skín hann eins bjartasti demantur upplýsingarinnar hvað afstöðu hans til kynferðisofbeldi varðar og tel ég víst að undir öllum þessum sannfæringarmætti og sjarmafylltum orðaflaumi kirkjuföðurins leynast röksemdarfærslur sem oft er mikið spennið í.

18. Janúar 2011

Jakob Ævarsson

HEIMILDASKRÁ

Frumheimild

St. Augustine 1984, *City of God*. London: Penguin Group, þýðandi Henry Bettenson

Prentaðar Heimildir

Alighieri, Dante 2009, *The Divine Comedy*. London: Arcturus Publishing, þýðandi Henry W. Longfellow

Augustine 2002, *The Confessions of St. Augustine*. New York: Courier Dover Publications, þýðandi Albert C. Outler

Biblían 2007, Reykjavík: JPV Útgáfa

Bowel, Tracy og Gary Kemp 2005, *Critical Thinking: A Concise Guide*. Oxfordshire: Routledge [2. útgáfa]

Brown, Peter 1982, *The Cult of The Saints*. Chicago: Chicago University Press

Descartes, Réne 1997, *Key Philosophical Writings*. Hertfordshire: Wordsworth Editions, þýðandi Elizabeth S. Haldane

Kant, Immanuel 1963, *Lectures on Ethics*. Indianapolis: Hackett, þýðandi Louis Infield

McGrath, Alister E 2007, *The Christian Theology Reader*. Oxford: Blackwell Publishing

Shields, Christopher 2008, *The Blackwell Guide to: Ancient Philosophy*. Oxford: Blackwell Publishing

Spinoza, Benedict 2001, *Ethics*. Hertfordshire: Wordsworth Editions, þýðandi W. H. White

Tarn, William Woodthorpe 1979, *Alexander the Great*. London: Cambridge University Press

Virgil (Publius Vergilius Maro) 1997, *The Aeneid*. Kent: Wordsworth edition, 1997. Þýðandi John Dryde

Wood, Michael 1997, *In the Footsteps of Alexander the Great: A Journey From Greece to Asia*. Kalifornía: California University Press

Netheimildir

Bryan, William Jennings, ed. *The World's Famous Orations*. New York: Funk and Wagnalls, 1906; New York: Bartleby.com, 2003 -

<http://www.bartleby.com/268/2/20.html>. Sótt 6 Des 2010

Barnet, Caleb. *The Spread and Appeal of Arianism*. Arkansas: John Brown University, 2008. <http://www.jbu.edu/assets/academics/journal/resource/file/2008//Barnet.pdf>. Sótt 8. Des 2010

Goodrich, Richard. Ritrynisteymi skýrir Augustine, City of God. - www.arts-humanities.net/node/2070. Sótt 4 Des. stofnað: 2005-11-07, Síðast uppfært 2010-06-11

11:17